

Mál nr. 2/2009

Ár 2009, mánudaginn 21. desember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 2/2009:

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar

Þann 3. nóvember 2009 barst siðanefnd ódagsett erindi kæranda vegna ágreinings um vanefndir á kaupsamningi um hund. Var málið tekið fyrir til umræðu innan siðanefndar 25. nóvember og svo aftur 21. desember þar sem málið var tekið til úrlausnar þá þegar án frekari meðferðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að gengið hafi verið frá munnlegu samkomulagi um kaup á hundi fyrir 50.000 sem hún hafi þegar greitt. Er kærandi ósátt við að fá hundinum ekki afsalað til sín. Það liggur fyrir í gögnum er siðanefnd hefur undir höndum að ágreiningur er milli málsaðila um umsamið kaupverð sem og hvort greiðsla hafi verið innt af hendi.

III. Forsendur

Hlutverk siðanefndar er tilgreint í 26. gr. laga félagsins sem er svohljóðandi:

Siðanefnd er ætlað að gæta þess að félagsmenn HRFÍ hafi í heiðri lög um dýravernd, lög HRFÍ og þær grundvallarreglur sem HRFÍ hefur sett sér varðandi meðferð hunda, hundarækt og sölu hunda og úrskurða í málum þeirra aðila sem taldir eru hafa brotið gegn reglum og markmiðum félagsins eða unnið gegn því á einhvern hátt innan félags eða utan.

Í málinu er ágreiningur milli aðila um hvort kaupverðið sé að fullu greitt. Samkvæmt almennum reglum er seljanda ekki skylt að gefa út afsal nema leitt sé í ljós að kaupverð sé að fullu greitt. Siðanefnd telur að ágreiningur milli félagsmanna um meintar vanefndir á kaupsamningi um hund heyri ekki undir verksvið nefndarinnar. HRFÍ er þannig ekki ætlað að taka afstöðu til hvort kaupverð hafi að fullu verið greitt og kærandi eigi þannig heimtingu á útgáfu afsals af þeim sökum. Þótti siðanefnd því óþarft að taka málið til frekari meðferðar innan nefndarinnar.

IV. Niðurstaða

Kærunni er vísað frá nefndinni.

f.h. siðanefndar

Herdís Hallmarsdóttir, formaður.